

REGLUR

um tilnefningar Samtaka atvinnulífsins í stjórnir lífeyrissjóða
Samþykktar af stjórn SA 4. janúar 2017

1. Gildissvið

Reglur þessar eru settar á grundvelli kjarasamnings ASÍ og SA um lífeyrismál sem kveður á um að stjórnir lífeyrissjóða skuli skipaðar fulltrúum stéttarfélaganna og SA að jöfnu. Framkvæmdastjórn SA tilnefnir í stjórnir sjóðanna fyrir hönd samtakanna.

2. Hlutverk stjórnar og stjórnarmanna

Stjórn lífeyrissjóðs mótar stefnu og starfshætti sem tryggja sjóðfélögum sem bestan lífeyrisrétt. Stjórn setur lífeyrissjóðnum markmið og ákveður leiðir að þeim. Stjórn hefur fjárhagslegt og stjórnunarlegt eftirlit með stjórnendum viðkomandi lífeyrissjóðs og leggur mat á störf þeirra. Stjórn skal þannig skipuð að hún geti tekist á hendur stjórnunarleg verkefni, þ.m.t. stefnumótun, fyrir lífeyrissjóðinn og verið hæfur samstarfsaðili stjórnenda sjóðsins.

3. Val og hæfi stjórnarmanna

SA munu með auglýsingum, m.a. á vef samtakanna og almennri hvatningu, óska eftir því að hæfir einstaklingar, sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum SA eða hagsmunasamtökum þeirra, gefi kost á sér til starfa í stjórnnum lífeyrissjóða. Leitað verður eftir einstaklingum með fjölbreytta reynslu og þekkingu m.a. varðandi lífeyrismál, stjórnun, stefnumótun, áætlanagerð og reikningshald, lögfræðileg málefni og fjármálamarkað. Úr þessum hópi eru tilnefndir til stjórnarsetu einstaklingar sem hæfastir eru taldir í ljósi þeirra eiginleika sem sóst er eftir í viðkomandi stjórn.

Við tilnefningar stjórnarmanna er litið til þekkingar og reynslu þeirra með hliðsjón af þeim eiginleikum sem nauðsynlegt er að viðkomandi stjórn búi yfir. Fimm manna hæfisnefnd, sem skipuð er framkvæmdastjóra SA og fulltrúum fjögurra aðildarfélaganna SA fjallar um hæfi einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarstarfa. Við tilnefningar skal þess gætt að hlutfall kynja sé sem jafnast í stjórn viðkomandi sjóðs.

SA beita sér fyrir að stjórnarlaus séu samkeppnisfær, þ.e. svipuð því sem gengur og gerist þar sem ábyrgð stjórnarmanna er jafn mikil, svo hæft fólki fái til stjórnarstarfa.

4. Stjórnarhættir

Við meðferð mála skulu stjórnarmenn ávallt huga að eigin hæfi og gæta þess að ekki skapist hætta á hagsmunaárekstrum. Stjórnarmenn tilnefndir af SA gefa ekki kost á sér til stjórnarsetu í félögum þar sem viðkomandi lífeyrissjóður tilnefnir stjórnarmenn, beitir atkvæðarétti í stjórnarkjöri eða á þátt í tilnefningu stjórnarmanns. Sama gildir um fráfarandi stjórnarmenn. Þeim er þó frjálst að sækja ársfundi eða aðra fundi slíkra félaga séu þeir hluthafar í þeim. Samkvæmt lögum¹ mega stjórnarmenn ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila á fjármálamarkaði eða aðila í nánum tengslum við hann, eða vera starfsmenn, endurskoðendur eða lögmennt slíks aðila eða tengdra félaga. Stjórn SA setur, að fengnu álit ráðgjafarráðs SA, leiðbeinandi reglur um góða stjórnarhætti stjórnarmanna SA í lífeyrissjóðum.

5. Hámarkstími stjórnarsetu

Fulltrúar SA í stjórnnum lífeyrissjóða eru tilnefndir sem aðalmenn tvö ár í senn, allt að sex ár samfellt í sömu stjórn.

6. Tengsl stjórnarmanna og SA

Stjórnarmenn sem SA tilnefna eru tengiliðir milli samtakanna og stjórnna viðkomandi sjóða. Í störfum sínum skulu stjórnarmenn byggja á almennum sjónarmiðum og markaðri stefnu SA í lífeyrismálum eftir því sem við á. Stjórnarmenn skulu ávallt vera reiðubúnir til að veita SA almennar upplýsingar og taka þátt í stefnumótun samtakanna í lífeyrismálum.

7. Ráðgjafarráð SA

Fulltrúar SA í stjórnnum lífeyrissjóða mynda ásamt framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóra SA ráðgjafarráð í lífeyrismálum. Ráðið hittist að jafnaði tvisvar á ári.

8. Gildistími

Reglur þessar gilda frá 1. janúar 2017.

¹ Lög nr. 129/1997, 31. gr., 2. mgr.